

Proskamat 18 mánaða

Við 18 mánaða skoðun ber að hafa í huga að vísbendingar um alvarleg þroskafrávik, s.s. einhverfu og/eða þroskahömlun, eru oft komnar fram á þessum aldri og ætti að vera hægt bera kennsl á þessi börn.

Athugið hvort áður hefur verið gerð athugasemd varðandi þroska barnsins sem þarf að fylgja eftir. Hafið útkomu **PEDS** í huga þegar þroskamatið er gert. Skoðið hvort **rauð flögg** vegna einhverfurófs séu til staðar, sbr. Vinnulag ef grunur um einhverfu í 18 mánaða skoðun.

Ef barnið getur ekki **eitt atriði** í viðkomandi þroskamati en engar aðrar áhyggjur eru til staðar, er yfirleitt nóg að gefa ráðleggingar og athuga nánar í næstu heimsókn nema annað sér tilgreint í leiðbeiningum í töflu. Ef barnið getur ekki **tvö atriði eða fleiri** þarf að huga vel að öðrum þáttum og vísa áfram til barnalæknis eða annarra sérfræðinga til nánari athugunar.

Hafi foreldrar eða heilbrigðisstarfsmaður áhyggjur af öðrum þáttum í fari barnsins, s.s. líðan, hegðun, samskiptum, virkni og tengslum getur það verið ástæða til að vísa barni áfram í nánari skoðun. Komi fram saga um stöðnun eða afturför í þroska er alltaf ástæða til nánari athugunar.

	Lýsing	Framkvæmd/lýsing	Úrlausn ef frávik
Gróf-hreyfingar	Gengur án stuðnings	Fylgst er með hvort barnið geti gengið um innandyra örugglega og án stuðnings. Hreyfingar eru frjálslugar og samhverfar og handleggir ekki á lofti. Athugið fótaborð barnsins, t.d. stígur það í hælana eða er það uppi á tánum við gang	Tilvísun til sjúkrapjálfa og etv. barnalæknis
Fín-hreyfingar	Borðar með skeið eða gaffli	Foreldrar eru spurðir hvort barnið geti matað sig sjálf með skeið eða gaffli. Einnig má athuga þetta í hlutverkaleik með plasthnífapörum	Ráðleggingar til foreldra Meta í samhengi við aðra þroskaþætti *
	Krotar	Barninu er fenginn litur og blað og athugað hvort það krassar sjálf á blaðið án þess að því sé sýnt það fyrst	Ráðleggingar til foreldra Meta í samhengi við aðra þroskaþætti *
Samskipti og leikur	Bendir til að sýna áhuga	Fylgst er með hvort barnið bendir einhvern tíma í skoðuninni sjálf á eitthvað í umhverfinu (t.d. leikfang eða mynd), greinilega í þeim tilgangi að vekja athygli athuganda eða foreldris. Bendingin þarf að vera greinileg og með útréttum vísifingri	Ath. rauð flögg fyrir einhverfu og Vinnulag þegar áhyggjur vakna af einhverfu í 18 mán skoðun **

* Ef barn getur ekki aðra þætti í 18 mánaða skoðun og etv. fleiri áhyggjuefni, þá aukaskoðun fyrir 2½ árs aldur

** Skoða rauð flögg og einkenni sem geta bent til einhverfu sbr. Vinnulag þegar áhyggjur vakna af einhverfu í 18 mánaða skoðun

Proskamat 18 mánaða – bls. 2

	Lýsing	Framkvæmd/lýsing	Úrlausn ef frávik
Samskipti og leikur	Bendir á líkamshluta	Þegar barnið er að veita athygli er það spurt um ákveðna líkamshluta, t.d. „Hvar er nefið þitt“ eða munnurinn, augun, hárið, tærnar o.s.frv. Biðja má foreldri að spyrja barnið og nota þau orð sem barnið þekkir í þessu sambandi (t.d. nebbi, tásur, bumba). Fylgst er með hvort barnið svarar með því að benda á, snerta eða horfa augljóslega á að minnsta kosti einn af þeim líkamshlutum sem spurt er um	Ráðleggingar til foreldra Meta í samhengi við aðra þroskaþætti *
	Sækir hlut sem beðið er um	Athugað er hvort barnið getur tekið upp og rétt hlut samkvæmt beiðni, t.d.: „Réttu mér bókina“ eða „gefðu mömmu bangsann.“ Ef þörf er á má benda á hlutinn sem spurt er um, en ekki teygja útrétta hendi í áttina að honum	Ráðleggingar til foreldra Meta í samhengi við aðra þroskaþætti *
Vitsmuna- og málþroski	Notar 6-10 orð	Hlustað er eftir allri hljóðmyndun hjá barninu og athugað hvort merkingarbær orð heyrast. Orðin þurfa að vera skiljanleg og notuð reglulega í ákv. merkingu. Sérnöfn, t.d. nöfn systkina teljast eitt orð þó mörg séu nefnd	Ráðleggingar til foreldra Meta í samhengi við aðra þroskaþætti * Vera vakandi fyrir einkennum sem bent geta til einhverfu **
	Byggir turn úr tveim kubbum	Athugandi byggir turn úr nokkrum trékubbum fyrir framan barnið og tekur hann svo niður. Setur síðan einn kubb á borðið, réttir barninu annan og hvetur það til að byggja sjálf. Barnið þarf að geta sleppt seinni kubbinum þannig að hann tolli ofan á þeim fyrri	Ráðleggingar til foreldra Meta í samhengi við aðra þroskaþætti *
	Skoðar mynd í bók	Barninu er sýnd myndabók með skýrum myndum t.d. af algengum dýrum eða hlutum. Athygli barnsins er dregin að myndunum. Fylgst er með hvort barnið stoppar greinilega við mynd og gefur til kynna áhuga á einhvern hátt, t.d. með því að horfa á hana, sýna svipbrigði, gefa frá sér hljóð, snerta myndina eða benda á hana	Ráðleggingar til foreldra Meta í samhengi við aðra þroskaþætti *

* Ef barn getur ekki aðra þætti í 18 mánaða skoðun og etv. fleiri áhyggjuefni, þá aukaskoðun fyrir 2½ árs aldur

** Skoða rauð flögg og einkenni sem geta bent til einhverfu sbr. Vinnulag þegar áhyggjur vakna af einhverfu í 18 mánaða skoðun